

Að ætt var Darwin kominn af bændafólki, efnuðum óðalsbændum, er koma meira og minna við sögu frá því fyrir daga Cromwells. Hver fram af öðrum höfðu þeir feðgar lagt fyrir sig lærdóm og vísinda iðkanir, þannig var langafi Charles Darwins talinn einn helzti grasafræðingur Englendinga á 18. öld og yngsti sonur hans, Erasmus, afi vísindamannsins, var skáld gott og ritaði um heimspeki og bókmentir. Aftur var faðir Darwins góðfrægur læknir.

Charles Robert Darwin er fæddur 12. Febr. 1809 í Frankwell í Shrewsbury. Systkinin voru sex og var hann næstur því yngsta. Er hann var á 9. ári dó móðir hans, og segir hann í æfiágripi sínu að hann muni helst ekkert um hana fyrr en rétt fyrir andlátid, en aftur getur hann föður síns víða og jafnan með frábærri lotningu. Foreldrar Darwins stóðu fyrir utan Ensku kyrkjuna og tilheyrði móðir hans Unítara-kyrkjunni í Shrewsbury. Þá kyrkju sótti Darwin sem drengur og hjá prestinum, síra G. Case, lærði hann undir skóla, var komið til hans sama árið sem móðirin dó. Ekki var Darwin næmur né bráðproska á yngri árum, enda var heilsa hans veil alla æfi. Eftir nokkurt undirbúningsnám var hann sendur á latínuskóla hjá Dr. Butler í Shrewsbury, og var hann þar af og til í 7 ár. Á þeim skóla segist hann sjálfur ekkert hafa lært. Þar var lítið annað kent en fornmalin og fornaldarsagan. Sveik hann af sér skyldunámið en lagði sig eftir efnafræði og í hjástundum að lesa ritverk Byron's, Scott's og Shakespeare's. Er hann vék úr þeim skóla stóð hann hvorki vel eða illa, en ekki hafði skóla-meistara hugnast að honum og ekki hafði hann konist það áfram er faðir hans hafði vonast til. Og segir hann þá að faðir sinn hafi sagt við sig: „Þú hugsar um ekkert nema skytning, hunda og rottuveiðar, þú verður sjálfum þér til skammar og allri þinni ætt.“

Var hann þá næst sendur til Edinborgar háskóla, til að stunda læknisfræði. Lítið féll honum betur þar og um veru sína þar segir hann: „Uppfræðslan við Edinborgar háskóla var með fyrirlestrum, er voru óbærilega daufir, undanteknum þeim um efnafræði. Að minni hyggju gagna fyrirlestrar ekkert í sam-